

Samþykkt um tímabundinn afslátt af gatnagerðargjöldum til 31. desember 2018

Vegna lítillar eftirspurnar eftir lóðum fyrir íbúðahús og mikillar eftirspurnar eftir leiguhúsnaði samþykkir byggðarráð Húnaþings vestra að nýta tímabundið heimild til niðurfellingar gatnagerðargjalda í samræmi við 6. gr. laga nr. 153/2006 og 6. gr. samþykktar Húnaþings vestra um gatnagerðargjöld nr. 717/2013. Um er að ræða íbúðahúsalóðir á götum sem þegar eru tilbúnar til úthlutunar.

Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að eftirfarandi ákvæði gildi um úthlutun allt að 17 íbúðarhúsalóða sem afslátturinn mun ná til:

- Lóðirnar sem um ræðir verða skilgreindar á lista sem byggðarráð samþykkir.
- Umsóknir um lóðirnar skulu berast eigi síðar en **31. desember 2017** en umsóknir sem berast á umsóknarfresti verða afgreiddar af skipulags- og umhverfisráði eftir því sem efni standa til.
- Verði umsækjendur fleiri en þær lóðir sem eru til úthlutunar gildir útdráttur milli þeirra.
- Sæki fleiri en einn um sömu lóðina gildir einnig útdráttur milli umsækjenda.
- Við úthlutun lóðanna skulu gilda ákvæði um að byggingarframkvæmdir skuli vera hafnar innan árs frá úthlutun og að byggingar skuli hafa hlotið fokheldisvottorð innan tveggja ára, að öðrum kosti fellur niður ákvæði um afslátt gatnagerðargjalda.

Samþykkt á 917. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra

Á 957. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra þann 11. desember 2017 var **samþykkt að framlengja gildistímam til 31.12.2018.**